



Innsetningarræða
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. ágúst 1992

Góðir Íslendingar.

Ein dýrmætasta gjöf sem hægt er að hljóta er traust þjóðar. Sá sem þiggur á að vera í senn auðmjúk og þakklátur og honum ber að eiga þá ósk heitasta að geta endurgoldið slíka gjöf. Mér hefur nú verið færð sú gjöf í fjórða sinn og bið forsónina um styrk til að endurgjalda hana eftir mætti.

Hver örfleyg stund er áður en varir horfin í tímann safn. Þegar skyggst er fram á við virðist eitt ár óralangur tími. Sé lítið um öxl er sem árin hafi flogið hjá á ógnarhraða, – inn í tímann, sem aldrei lætur á sér standa. Tímann sem ögrar til afreka því hann endist skammt og hegnir án miskunnar fyrir hangs og tómlæti.

Við erum ein þjóð, Íslendingar, – ein fjölskylda. Til þess finnum við á stundum sorgar og gleði; annars vegar er eitthvað bjátar á, hins vegar á dögum sigra og velgengni. Fjölmörgum hefur okkur verið falið að fara með umboð þjóðarinnar í margvíslegum málefnum er varða hana miklu. Og skylda okkar hlýtur það ætíð að vera að líta framhjá einkahagsmunum, en gæta að hagsmunum heildarinnar, – Íslendinga sem þjóðar. Starf okkar er þó til lítils ef sérhver þegn þessa lands leggur ekki sitt af mörkum til þess að þjóðinni þoki fram á við. Það sem við hvert og eitt gerum í þágu heildarinnar kemur okkur sjálfum að gagni.

Við Íslendingar erum fjáls þjóð í góðu landi. Sú kynslóð sem nú vex úr grasi telur frelsið sjálft jafn sjálfsagt og loftið sem við öndum að okkur. Frelsisbarátta þjóða í heimshluta okkar hefur engu að síður minnt alla á að ekkert sem íslensk þjóð hefur öðlast er sjálfgefið né heldur víst að við höfum það í hendi er fram líða stundir. Enginn veit á hvern veg forlaga-hjól okkar snýst né hvernig okkur vegnar á þjóðlífsins braut.

Íslenskt lýðveldi hefur aðeins lifað tæpa hálfa öld. Mælt á kvarða heimssögunnar er það því eins og kornabarn. Það þarf alúð og aðgát. Það þarf stoð og það þarf styrk. Að því þarf að hlynna af dómgreind og styðja það af ástúð. Það er fjöregg okkar.

Til þess að varðveita þetta fjöregg er okkur falin sú skylda að kenna sem best þeirri kynslóð sem mun erfa landið. Sem siðmenntaðri þjóð ber okkur þar að leggja áherslu á varðveislu og verndun umhverfis og virðingu og rækt við sögu og menningu. Á okkar tímum, þegar fjarlægðir nálgast fyrir tilverknað margs konar tækni, og erlendar tungur ferðast skilríkjalaust yfir landamæri og álfur, verður það keppikefli sérhverrar sjálfstæðrar þjóðar að varðveita og hlúa að móðurmáli sínu og menningu. Menntun barna okkar og þroska má aldrei fórna fyrir hagsmuni hraðfleygrar stundar. Þeirra er framtíðin, þeirra vegna eigum við í amstri dagsins og þeirra vegna ber okkur að ávaxta menningu hugar og handa.

Við erum á það minnt nú, þegar afla brestur, hversu djúptæk áhrif sveiflur í náttúrunni hafa á líf Íslendinga og hve vandamikið reynist að taka ákvarðanir um nýtingu auðlinda okkar. En auðlindir eru ekki einungis í djúpi hafs og víðáttum lands. Fá verðmæti munu skipta jafn miklum sköpum þegar fram líða stundir og mannvit okkar, menntun og kunnátta.

Samastaður okkar í félagi þjóðanna er breytingum undirorpinn en engin þjóð fær yfirgefið fjölskyldu mannkyns. Við munum þó einungis njóta virðingar í samskiptum við þjóðir heims, ef við höldum á loft menningu okkar og sögu af einurð og hógværð í senn. Evrópuþjóðir hafa nú lengi alið þann draum að efla samvinnu sína og samstöðu og hafa þegar stigið stór skref í þá átt. Senn verðum við Íslendingar að marka afstöðu okkar til efnahagssambands þjóðríkja Evrópu. Við þurfum að skyggjast vel um á næstu vikum og mánuðum, líta til austurs og vesturs, suðurs og norðurs og leita svara við þeim spurningum sem svara þarf, fullvissa okkur um að við öll, hvert okkar og eitt, skiljum til hlítar hvað felast muni í þessari samfylkingu þjóða.

Við brýnum fyrir börnum okkar að gaumgæfa námsefni sitt áður en gengið er að prófborði. Þá muni þeim farnast vel. Nú stendur íslensk þjóð frammi fyrir prófraun sem mun ekki einungis skipa okkur á reit í nánustu framtíð heldur einnig um ókomin ár. Mikið er því í húfi að við göngum til prófs á sama hátt og við kennum þeim ungu sem enn eiga ýmislegt ólært, – fullviss um að við skiljum í þaula hvað í ákvörðun okkar felst og hvar og hvernig við ætlum að skipa sæti okkar í byggingu heims.

Eins og stundum áður hvet ég enn til þess að landsmenn láti ekki stundaráföll hrekja sig af leið. Við vitum að sífellt skiptast á skin og skúrir. En minnumst þess að sá er eingöngu beinir sjónum niður fyrir fætur sér kemur ekki auga á það sem framundan er. Og verum þess líka minnug að það andstreymi er við búum við nú um stundir kann að vera hjóm eitt hjá alvarlegum þrengingum forfeðra okkar og mæðra. Æska þessa lands á það síst skilið að alast upp við úrtölur og barlóm.

Íslenskt þjóðlíf breytist frá ári til árs, frá öld til aldar. Sagt er að tímarnir breytist og mennirnir með, en gleymum ekki að tímarnir breytast fyrir tilverknað manna. Á Íslandi býr dugmikil þjóð. Hún hefur harðnað í frosti og fönnum og eflst í glímu við að rækta og erja akurlendi okkar, haf og harðbýlt land.

Nú er þessari þjóð brýnt að virkja afl handanna og auðlegð andans og tryggja þannig að hér komi betri tíð með blóm í haga – öflugt atvinnulíf og hagsæld á heimilum landsins.

Ekkert fæst fyrir ekkert. Engu verður áorkað með úrtölum og doða og eftirsjá eftir glingri. Ekkert ætti að vera Íslendingum jafn fjarri og láta sér fallast hendur. Aldrei má það gerast. Aldrei mun það eiga sér stað.

Megi íslensk þjóð marka sér framtíð með festu og seiglu og minningu um upphaf sitt.

Megi hún alla tíð hafa fegurð og einurð, auðmýkt og mannúð viskunnar í för með sér.

Megi henni farnast vel á öllum stundum framtíðar.

Guð blessi Ísland og íslenska þjóð.